

## **Borgarráð 25. ágúst 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun stýrihóps vegna áfengisgjalda til sveitarfélaga MSS22080178**

Reykjavíkurborg samþykkir að stofna stýrihóp sem leiti til hinna sveitarfélaganna með það að markmiði að hefja viðræður við ríkið um að veita 10% af áfengisgjaldi til sveitarfélaganna. Leiðarljós vinnunnar verði þau að hluti af þeim fjarhagslega groða sem hlýst af solu áfengis verði varið í félagslega uppbyggingu til að mæta þörfum þeirra sem hljóta skaða af áfengis- og vímuefnaneyslu. Stýrihópurinn verði skipaður einum kjörnum fulltrúa úr meirihluta borgarstjórnar og einum úr minnihluta ásamt starfsfólki til ráðgjafar. Þann 1. október 2019 samþykkti borgarstjórn að vinna nánar með tillögu um að hluti áfengisgjalds renni til sveitarfélaganna. Samþykktin fól í sér að unnið yrði með tillöguna á vettvangi borgarráðs. Lagt er til að tillöguflýtyjandi skipi stýrihópin fyrir hönd minnihluta borgarstjórnar.

### **Greinargerð:**

Tillaga um áfengisgjald í borgarstjórn 2019

Þann 1. október 2019 samþykkti borgarstjórn að vísa tillögu Sósíalístaflokks Íslands um að hluti áfengisgjalds renni til sveitarfélaganna, til meðferðar borgarráðs. Tillagan fól í sér að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg leiti til hinna sveitarfélaganna varðandi það að hefja viðræður við ríkið um að veita 10% af áfengisgjaldi til sveitarfélaganna fyrir nauðsynlega þjónustu við þá sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda.

Sveitarfélögin þurfa á auknu fjarmagni að halda til að geta boðið upp á sem besta félagslega þjónustu fyrir þær manneskjur. Þar má m.a. nefna umsjón gistiskyla, skaðaminnkandi úrræði, heimili sem henta einstaklingum í mikilli áfengis- eða vímuefnaneyslu og heimili sem henta einstaklingum með tvígreiningu, þ.e.a.s. geð- og vímuefnavanda. Lagt var til að velferðarsviði yrði falið að útfæra efni tillogunar með því að leita til hinna sveitarfélaganna og ríkisins en að skipting gjaldsins niður á ólík sveitarfélög yrði nánar útfærð síðar.

Eins og staðan er nú, þá hafa önnur sveitarfélög gert samninga við Reykjavíkurborg um aðgang að gistiskylum og eðlilegt er að gistiskyli í hofuðborginni séu opin þeim sem þangað kunna að leita. Það er nauðsynlegt að tryggja að borgin sem og önnur sveitarfélög geti boðið upp á þjónustu sem hentar ólíkum þörfum borgarbúa, þar sem velferð er hofð að leiðarljósi.

Betra líf, mannúð og réttlæti

Árið 2012 hvatti SÁÁ - Samtök áhugasfólks um áfengis- og vímuefnavandann, til þess að tillagan: Betra líf - mannúð og réttlæti, yrði lögð fram en hún sneri að því að serstakt 10% áfengisgjald rynni til þolenda áfengis- og vímuefnavandans. Þar var lagt til að fjarmunum yrði varið í að byggja upp félagslega þjónustu á forræði sveitarfélaganna, þar sem þau hafa ekki haft bolmagn til að sinna þessu sem skyldi.

Markmið tillogunnar sneri að því að gjorbylta lífsgæðum þeirra sem þjást vegna áfengis- og vímuefnavandans og bæta með því samfélagið allt. Margir tóku jákvætt í efni tillogunnar og á fundi stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga þann 26. október 2012 var fjallað um með hvaða hætti ríkisvaldið geti stutt sveitarfélögin til að byggja upp nauðsynlega þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, fjölskyldur þeirra og börn. Þar að auki var vísað til brefs sem SÁÁ hafði sent sveitarfélagunum um sama efni og tillagna SÁÁ um Betra líf - mannúð og réttlæti. Á þeim fundi samþykkti stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga eftirfarandi bokun samhjóða: „Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkir að fela formanni og framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við velferðarraðuneytið, fjarmala- og efnahagsráðuneytið og innanríkisráðuneytið um með hvaða hætti ríkisvaldið geti stutt sveitarfélögin til að byggja upp nauðsynlega þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, fjölskyldur þeirra og börn“.

Í framhaldi af því var skipaður starfshopur um samráð sveitarfélaga við ríkisvaldið um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga en ekki er að sjá að sú vinna hafi skilað sér í staðfestingu umræddrar tillogu. Efni tillogunnar fékk mikinn meðbyr á meðal almennings og árið 2013 hófu rúmlega 31 þúsund einstaklingarnir skrifað undir krofu SAA.

Fjárhagslegum gróða verði varið í félagslega uppbyggingu

Áfengi getur haft griðarlega skaðleg áhrif á líkamlega- og andlega heilsu folks. Hér er lagt til að Reykjavíkurborg geri þá krofu að hluti af þeim fjárhagslegum gróða sem hlýst af solu þess verði varið í félagslega uppbyggingu til að mæta þörfum þeirra sem hljóta sem mestan skaða af áfengi- og vímuefnum. Þar má m.a. nefna mikilvægi þess að gístiskyli standi öllum sem á þurfa á því að halda til bóða, þar sem aldrei þarf að vísa neinum frá vegna þlassleysis. Þá er einnig mikilvægt að allir hafi heimili sem henti sér og sínum þörfum og þurfi ekki að biða til lengdar eftir þeim.

Fyrirhuguð er frekari uppbygging á úrræðum innan borgarinnar, þar sem nanari útlístun má finna í stefnu Reykjavíkurborgar í málum heimilislausra með miklar og floknar þjónustuparfir 2019 – 2025. Þar er fjallað um markmið borgarinnar og aðgerðaráætlun en margir þættir sem þar eru nefndir eiga snertifleti við málum sem tengjast þeim sem eru með áfengis- og vímuefnavanda. Það er ljóst að það verður að tryggja að sveitarfélagið hafi nægt fjármagn í að veita þeim aðilum sem hér um ræðir öruggt húsnæði og þjónustu. Þar að auki er mikilvægt að geta ávallt boðið aðstandendum þeirra sem eru með áfengis- og vímuefnavanda, ráðgjöf og stuðning. Því er þessi tillaga lögð fram. Stýrihópurinn er skipaður til að vinna að framgangi þessa máls.